

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1004
komudagur 8.1.2008

Reykjavík 4. jan. 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tekjuskattslögum, 36. mál.

Blaðamannafélag Íslands leggst alfarið gegn efni frumvarpsins og telur engin rök fyrir framsetningu þess.

Með frumvarpinu er lagt til að skattstjórum verði bannað að leggja fram upplýsingar um álögð gjöld á einstaklinga og lögaðila, hvort sem um er að ræða álagningarskrár eða endanlegar skattskrár. Þar með væri alveg komið í veg fyrir gagnsæi á þessu sviði þjóðlífsins, sem er afar mikilvægt að sé fyrir hendi.


Þar til viðbótar hefur Alþingi samþykkt lög sem gera það að verkum að álögð gjöld eru mismundandi eftir uppruna teknanna (fjármagnstekjur, launatekjur) og einnig eftir því hver aflar þeirra (einstaklingar, lögaðilar). Skattborgararnir standa þar með ekki jafnfætis gagnvart skattkerfinu. Ætlar Alþingi að bæta gráu ofan á svart og samþykkja lög þar sem komið er í veg fyrir upplýsingaflæði á þessu sviði?

Einu rökin sem sett eru fram fyrir samþykkt frumvarpsins varða friðhelgi einkalífs. Þar eru auðvitað afar mikisverð réttindi á ferðinni. Það eru hins vegar augljós rök fyrir því að upplýsingar um það hvað hver og einn greiðir til samfélagsins séu aðgengilegar og það er illskiljanlegt að þessi tegund upplýsinga brjóti gegn einkalífsréttindum. Viða er hægt að nálgast upplýsingar um tekjur fólks og skuldir og oft á tíðum nauðsynlegt að hafa aðgang að slíkum upplýsingum. Þar til viðbótar ber auðvitað lífsmáti fólks það skýrast með sér hvernig lífsafkoman er. Það leynir sér auðvitað ekki hvar fólk býr eða hvernig bíl það ekur. Varla er það skerðing á friðhelgi einkalífs þess.

Gjöld til hins opinbera standa undir samfélagsþjónustunni, sem allir þegnar landsins sækja til í meira og minna mæli. Það er sjálfsögð krafa þeirra sem greiða til samfélagsins að upplýsingum um framlag þeirra sé haldið á lofti, en það ekki þaggað niður. Í gegnum tíðina hafa margir skattþegnar verið stoltir af framlagi sínu til samfélagsins. Það er krafa þeirra sem borga samfélagsreikninginn að geta, kæri þeir

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bj@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>




sig um, aflað sér upplýsinga um hvað hver og einn greiðir af þeim reikningi. Þeir sem ekki hafa meira bolmagn en það að greiða “vinnukonuútsvar” verða að lifa með því. Það er augljóslega mikilvægt hverju samfélagi að sæmileg sátt ríki um skattkerfið. Grunnur slíkrar sáttar er eðlilegt upplýsingaflæði. Það skapar traust og er aðhald í sjálfu sér, sem er mun betri kostur en það að auka heimildir skattyfirvalda til eftirlits úr hófi fram.

Það er hlutverk fólmiðla að miðla upplýsingum. Í lýðræðissamfélagi nútímans eru upplýsingar ein mikilvægasta auðlindin. Þær skapa aðhald, eyða tortryggni og örva samkeppni. Með upplýsingum um álagningu fær almenningur mikilsverðar upplýsingar um hvað hver og einn greiðir til samfélagsins og hvað ætla má að greitt sé í laun á einstökum sviðum þjóðlífsins. Upplýsingar þar um eru sjálfsagur hluti af daglegu lífi í nútíma samfélagi og skerða ekki réttindi nokkurs manns.

Blaðamannafélag Íslands óskar eftir því að fá að koma fyrir efnahags- og skattanefnd og fylgja umsógn sinni eftir, þegar málið kemur þar til umræðu.

Fyrir hönd stjórnar Blaðamannafélags Íslands



Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri